



Helgi Kristmann Haraldsson

Fæddur 13. október 1933

Dáinn 18. nóvember 2020



*Þótt ég sé látinn, harmið mig ekki með tárur.
Hugsið ekki um dauðann með harmi ykkar og ótta.
Ég er svo nærri að hvert ykkar tár snertir mig
og kvelur. Þótt látinn mig haldið, en þegar þið
hlæið og syngið með glöðum hug, sál mín lyftist
upp í mót til ljóssins. Verið glöð og þakklát
fyrir allt sem lífið gefur, og ég, þótt látinn sé,
tek þátt í gleði ykkar yfir lífinu.*

*Útför frá Akraneskirkju
föstudaginn 27. nóvember 2020*

FORSPIL

Ave Maria

Sigvaldi Kaldalóns

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphæðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Adams - Matthías Jochumsson

RITNINGARORÐ

Á hendur fel þú honum,
sem himna stýrir borg,
það allt, er áttu í vonum,
og allt, er veldur sorg.
Hann bylgjur getur bundið
og bugað storma her,
hann fótstíg getur fundið,
sem fær sé handa þér.

Ó, þú, minn faðir þekkir
og það í miskunn sér,
sem hagsæld minni hnekkir,
og hvað mér gagnlegt er,
og ráð þitt hæsta hlýtur
að hafa framgang sinn,
því allt þér einum lýtur
og eflir vilja þinn.

Mín sál, því örugg sértu,
og set á Guð þitt traust.
Hann man þig, vís þess vertu,
og verndar efalaust.
Hann mun þig miskunn krýna.
þú mæðist litla hríð.
þér innan skamms mun skína
úr skýjum sólin blíð.

Gerhardt - Björn Halldórsson

GUÐSPJALL

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um rétta vegu fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum;
þú smyr höfuð mitt með olú;
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

Margrét Scheving - 23. Davíðssálmur

MINNINGARORÐ

Ég kveiki á kertum mínum
við krossins helga tré.
Í öllum sálmum sínum
hinn seki beygir kné.
Ég villtist oft af vegi.
Ég vakti oft og bað.
Nú hallar helgum degi
á Hausaskeljastað.

Í gegnum móðu' og mistur
ég mikil undur sé.
Ég sé þig koma, Kristur,
með krossins þunga tré.
Af enni daggir drjúpa,
og dýrð úr augum skín.
Á klettinn vil ég krjúpa
og kyssa sporin þín.

Ég fell að fótum þínum
og faðma lífsins tré.
Með innri augum mínum
ég undur mikil sé.
Þú stýrir vorsins veldi
og verndar hverja rós.
Frá þínum ástareldi
fá allir heimar ljós.

Guðrún Böðvarsdóttir -

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi

BÆN / FAÐIR VOR

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðar kraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Foersom - Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson

MOLDUN

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjógvun hreina
fyrst um dags morgunstud,
á snöggu augabragði
af skorið verður þjótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi í Jesú nafni,
í Jesú nafni eg dey,
þó heilsa og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
að þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

BLESSUN

EFTIRSPIL

Pílagrímakórinn

Richard Wagner

Prestur: Sr. Þóra Björg Sigurðardóttir
Organisti: Sveinn Arnar Sæmundsson
Söngur: Axel Eyfjörð Friðriksson,
Daníel Friðjónsson, Halldór Hallgrímsson
og Ingbór Bergmann Þórhallsson
Útfararþjónusta Akraneskirkyju

Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug